

Norður-Ameríku tækifæri til að kynna rötum sínum á Íslandi í sex vikna sumarverkefni.

Sveitarstjórn hafnar erindinu.

8. Erindi frá Umhverfis- og lýðheilsunefnda Stórutjarnaskóla:

Tekið fyrir erindi frá Umhverfis- og lýðheilsunefnd Stórutjarnaskóla, dags. 11. nóvember s.l. þar sem óskað er eftir því að sveitarstjórn tilnefni einn fulltrúa sinn til setu á fundum nefndarinnar. Stórutjarnaskóli er Grænfánaskóli og Umhverfis- og lýðheilsunefnd hefur það að markmiðið að fá fólk í samfélaginu til að hugsa um hvað við getum gert við allt ruslið sem frá okkur kemur annað en að henda því og grafa.

Sveitarstjórn þakkar erindið og samþykkir að skipa sveitarstjóra sem fulltrúa Þingeyjarsveitar í Umhverfis- og lýðheilsunefnd Stórutjarnaskóla.

9. Samningur – Þekkingarnet Þingeyinga:

Fyrir fundinum liggur samstarfssamningur milli Þingeyjarsveitar og Þekkingarnets Þingeyinga fyrir árin 2014, 2015 og 2016. Samningurinn er gerður í framhaldi af samvinnu Þekkingarnetsins og sveitarfélagsins Norðurþings um árlegt fjárframlag sveitarfélaga til atvinnuskapandi rannsóknaverkefna háskólanema í heimahéraði frá árinu 2007.

Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur sveitarstjóra að ganga frá samningi við Þekkingarnet Þingeyinga.

Til kynningar:

- a. Fundargerð 157. fundar HNE ásamt fjárhagsáætlun 2014:

Fleira ekki gert og fundi slitið 18:01

Aðventuhátíð Jólasveinanna í Dimmuborgum

Aðventuhátíð Jólasveinanna í Dimmuborgum verður laugardaginn 30. nóvember kl. 16-20.

Jólasveinarnir í Dimmuborgum verða í fullu fjöri að undirbúa sig fyrir jólin. Það verður mikil gleði þar sem að jólasveinarnir taka á móti gestum, spjalla, syngja og segja sögur.

Markaðtjald verður á bílastæðinu í Dimmuborgum þar sem seldar verða hinar ýmsu vörur sem henta vel í jólapakkann. Gestir geta svo keypt sér heitt kakó, kjötsúpu og fleira girnilegt. Boðið verður upp á leynitónleika Inspired by Iceland kl. 18

Grýlusjóður verður á sínum stað þar sem gestir eldri en 18 ára greiða 1.000 kr.

Það verður sannkölluð aðventustemning í Dimmuborgum um helgina.

Nánari upplýsingar á www.visitmyvatn.is



*Mývatnsveit töfraland
jólanna*





Frá Stórutjarnaskóla

Danssýning og fullveldisdagskrá

Þessa viku stendur yfir danskennsla í Stórutjarnaskóla. Henni lýkur með danssýningu, **föstudaginn 29. nóvember**, sem fléttuð verður við stutta dagskrá í tilefni af fullveldisdeginum 1. desember. **Dagskráin hefst kl 13:30.**

Fríar kaffiveitingar að lokinni dagskrá

Allir velkomnir

skólastjóri

FRAMHALDS AÐALFUNDUR 2013

Framhalds aðalfundur Skógræktarfélags Fnjóskdæla verður haldinn á Furuvöllum, starfsmannahúsi í Vaglaskógi, mánudaginn 2. desember, kl. 20.30.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf
Önnur mál



Stjórnin

Fjárhagsáætlun Þingeyjarsveitar fyrir árið 2014 tekin til umræðu.

Fjármálastjóri og aðalbókari mættu til fundarins undir þessum lið. Fyrri umræðu framhaldið og fjárhagsáætlun 2014 vísað til síðari umræðu.

4.Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 12.11.2013:

Lögð fram fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 12. nóvember s.l. Arnór gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í fjórum liðum.

Sveitarstjórn vísar tillögum nefndarinnar að fjárhagsáætlun og gjaldskrá 2014 til síðari umræðu fjárhagsáætlunar. Fundargerðin staðfest að öðru leyti.

5.Fundargerð Fræðslunefndar frá 18.11.2013:

Lögð fram fundargerð Fræðslunefndar frá 18. nóvember s.l. Margrét gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í fimm liðum.

Sveitarstjórn vísar tillögum nefndarinnar að fjárhagsáætlun 2014 til síðari umræðu fjárhagsáætlunar. Fundargerðin staðfest að öðru leyti.

6.Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 14.11.2013:

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 14. nóvember s.l. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í þremur liðum.

liður; Hálsmannatungur, stofnun fasteignar (þjóðlendu).
Sveitarstjórn samþykkir stofnun þjóðlendunnar skv. fyrirbyggjandi gögnum og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að annast stofnun hennar í fasteignaskrá Þjóðskrár.

liður; Finnsstaðadalur, stofnun fasteignar (þjóðlendu).
Sveitarstjórn samþykkir stofnun þjóðlendunnar skv. fyrirbyggjandi gögnum og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að annast stofnun hennar í fasteignaskrá Þjóðskrár.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

7.Snorraverkefnið– styrkbeiðni fyrir 2014:

Fyrir fundinum liggur erindi frá stjórn Snorrasjóðs, dags. 4. nóvember s.l. þar sem óskað er eftir fjárstuðningi sveitarfélagsins við Snorraverkefnið sumarið 2014. Verkefnið sem rekið er af Þjóðræknisfélagi Íslendinga og Norræna félaginu á Íslandi, lýtur að því að veita ungu fólki (18-28 ára) af íslenskum ættum í

FUNDARGERÐ



Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar
135. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 21. nóvember 2013 kl. 14:00

Dagskrá:

1. Fundarsetning:
2. Dómar Hæstaréttar nr. 411/2012 og nr. 547/2012 – Gestir:
3. Fjárhagsáætlun Þingeyjarsveitar 2014:
4. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 12.11.2013:
5. Fundargerð Fræðslunefndar frá 18.11.2013:
6. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 14.11.2013:
7. Snorraverkefnið– styrkbeiðni fyrir 2014:
8. Erindi frá Umhverfis- og lýðheilsunefnd Stórutjarnaskóla:
9. Samningur – Þekkingarnet Þingeyinga:

Til kynningar:

- a. Fundargerð 157. fundar HNE ásamt fjárhagsáætlun 2014:

Mætt: Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Eiður Jónsson í forföllum Ólínu Arnkelsdóttur, Ásta Svavarsdóttir og Árni Pétur Hilmarsson auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning:

Varaoddviti setti fund.

2. Dómar Hæstaréttar nr. 411/2012 og nr. 547/2012 – Gestir:

Sveitarstjórn óskaði eftir því á fundi þann 24. október s.l. að fá lögfræðinga sveitarfélagsins á fund til þess að fara yfir niðurstöðu dóma Hæstaréttar nr. 411/2012 og nr. 547/2012.

Á fundinn mættu Sigurður Jónsson hrl. og Friðbjörn Garðarsson hrl. og gerðu grein fyrir fyrrgreindum dómum.

3. Fjárhagsáætlun Þingeyjarsveitar 2014:



Kveikt á jólatrénu við Kjarna á Laugum!

Sunnudaginn 1. desember n.k. kl. 17:00
verður kveikt á jólatré við Kjarna líkt og
undanfarin ár.

Þegar kveikt hefur verið á trénu og sungin nokkur jólalög,
verður gengið yfir í Dalakofann þar sem veitingar verða í boði
Foreldrafélags Litlulaugaskóla.

Skemmtilegir gestir kíkja í heimsókn. Sjáumst sem flest og
njótum undirbúnings jólaanna.



Upplestur á Bókasafni Reykdæla



Lesið verið úr nýjum bókum á safninu
fimmtudaginn 5. desember kl. 20.00

Kaffi á könnunni!

Allir velkomnir!

Jólamarkaður – viltu taka þátt?



Jólamarkaðsdagar verða haldnir í:
Dimmuborgum 30. nóvember frá kl. 16-20
(utandyra/í tjaldi) og í Jarðböðunum við Mývatn 14. desember
frá kl. 12-18.

Leiga á borði kr. 4.500,-
Skráning og nánari upplýsingar hjá Mývatnsstofu, Guðrún
Brynleifsd. Sími: 464 4390 / 898 9820 eða sendið póst
á gudrun@visitmyvatn.is



Markaðsdagarnir verða í tengslum við
Aðventuhátíð og jólabað Jólasveinanna í
Dimmuborgum.

Mývatnssveit töfraland jólanna

47.tbl.
28. nóvember
2013
20. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



Jólabingó



Jólabingó á vegum útskriftarnema verður haldið
fimmtudaginn 28. nóvember kl. 20:00 í
matsal Framhaldsskólans á Laugum.

Fullt af veglegum vinningum.
Sjoppa verður á staðnum!

1 spjald mun kosta 1000 kr.
3 spjöld munu kosta 2500 kr.

Láttu sjá þig ;)